

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 1683 — 840. mál.
2. umræða.

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991
(samkomudagur reglulegs Alþingis 2020).

Frá meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steingrím J. Sigfússon, forseta Alþingis.

Með frumvarpinu er eingöngu lagt til að samkomudagur reglulegs Alþingis haustið 2020 verði fimmtudagurinn 1. október í stað annars þriðjudags í september, eins og þingskapalög kveða á um. Markmið frumvarpsins er að tryggja aukið ráðrúm til að undirbúa nauðsynlegar breytingar á fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar og til að ganga frá fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025 til framlagningar á Alþingi, sem og frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 11. júní 2020.

Þorsteinn Sæmundsson,
frsm.

Brynjar Níelsson.

Kolbeinn Óttarsson Proppé.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Óli Björn Kárasón.

Þórunn Egilsdóttir.